

**Nd.**

**833. Frumvarp til laga**

**[269. mál]**

um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. maí.)

Samhljóða þskj. 515 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Gjalddagi erfðafjárskatts er sá dagur, er skiptaráðandi áritar erfðafjárskýrslu samkvæmt 2. mgr. 12. gr., ef um er að ræða einkaskipti eða skipti, sem löggiltur skiptaforstjóri stýrir, en sé um önnur opinber skipti að ræða, er gjalddagi sá dagur, er skiptagerð búsins liggur fyrir í endanlegri gerð.

Ef erfðafjárskattur hefur eigi verið greiddur innan tveggja vikna frá gjalddaga, skulu innheimtir til viðbótar dráttarvextir. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.